

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 03.10. 2025. Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Sigríður Harpa Hannesdóttir (fjarverandi), Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir (fjarverandi) og Hafdís Sigurðardóttir (fjarverandi)

Dagskrá:

1. Breytingar á skólaráði

Breytingar eru á skólaráði frá fyrra skólaári. Búið er að kjósa nýja fulltrúa kennara til næstu tveggja ára. Einn nýr fulltrúi kemur inn fyrir foreldra og tveir nýir fulltrúar nemenda voru valdir úr nemendaráði skólans. Þá er Lars Jóhann Imsland skólastjóri kominn til baka úr námsleyfi. Skólaráð er því skipað á eftirfarandi máta skólaárið 2025-2026:

- Lars Jóhann Imsland, skólastjóri
- Guðbjörg Norðfjörð, aðstoðarskólastjóri
- Fulltrúi kennara – Jenný Ósk Óskarsdóttir
- Fulltrúi kennara – Margrét Lára Guðmundsdóttir
- Fulltrúi starfsmanna – Kristín Garðarsdóttir
- Fulltrúi foreldra – Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir
- Fulltrúi foreldra – Sigríður Harpa Hannesdóttir
- Fulltrúi grenndarsamfélags – Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir
- Fulltrúar nemenda eru Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir og Hafdís Sigurðardóttir

2. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2025-2026

Farið var yfir starfsáætlun skólans og hún samþykkt.

3. Stjórnun skólans.

Lars Jóhann Imsland skólastjóri er kominn aftur til starfa eftir námsleyfi sl. skólaár og stjórnendur sem stigu upp í fjarveru hans hafa snúið til baka í fyrri störf. Er þeim þakkað fyrir góð störf og að hafa séð til þess að komandi skólaár er vel útfært og skipulagt.

Þó stjórnendur snúi til baka til fyrri verka þá hefur þurft að gera þá breytingu að Sigurbjörg Ólína Jónsdóttir leysir Lindu Helgadóttur af í vetur sem deildarstjóri á yngsta stigi þar sem Linda verður í námsleyfi þetta skólaár.

Þá mun Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri taka við nýjum skóla í Hamranesi 1. nóvember og lætur hún samhliða af störfum hér í Hraunvallaskóla. Skólaráð þakkar Guðbjörgu fyrir störf sín hér í Hraunvallaskóla og óskar henni velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Búið er að ganga frá ráðningu á nýjum aðstoðarskólastjóra við Hraunvallaskóla. Hún heitir Aðalbjörg Sigurðardóttir og er verkefnastjóri í íslenskuveri í Austurbæjarskóla. Aðalbjörg er okkur að góðu kunn en hún starfaði áður sem umsjónarkennari og ÍSAT kennari hér við skólann. Skólaráð býður hana velkomna í hópinn og hlakkar til að starfa með henni í nánustu framtíð.

4. Kynning á Hraunborg – sérdeild fyrir börn með einhverfu

Anna Rut Pálmadóttir sagði frá Hraunborg sem er ný miðlæg sérdeild við Hraunvallaskóla. Deildinni fylgir frístundaheimili sem ber nafnið Drekasel og er staðsett í sama rými á Leikvöllum. Við deildina starfa 6 starfsmenn og 9 nemendur í 1.-4. bekk.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrastarfið fer vel af stað. Búið er að halda glæsilega hausthátíð sem tókst frábærlega. Bökkjartenglustarfið fer vel af stað og áhugi er að innleiða Farsældarsáttmála Heimilis og skóla í sem flesta árganga.

6. Áherslur skólaársins

Skólastjóri sagði lauslega frá helstu áhersluverkefnum á komandi skólaári:

- Innleiðing á nýrri aðalnámskrá.
- Vaxtarhugarfar - komið að 4. ári í þessu frábæra verkefni
- Leiðsagnarmat - hefur eflst til muna í vetur og verðum við að halda áfram á þeirri leið.
- Eflum grunnstoðir - Opin skóli, heilsueflandi skóli, SMT skóli, skóli án aðgreiningar, skapandi skólastarf, tækni, fjölbreyttir kennsluhættir, nemendamiðað nám. Notum gagnreyndar aðferðir eins og SMT, sjónrænt skipulag, jákvætt viðmót og svo framvegis. Farsældin.
- Afmælisárið (erum 20 ára) - Búið að stofna nefnd.

7. Afmælisárið okkar

Rætt um hugmyndir að verkefnum og dagskrá sem skemmtilegt væri að framkvæma á afmælisárinu.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland